

Reykjavík, 22. okt. 2007

Ég undirritaður Þorkell Hjaltason, kt: 300357-5129 fæddur og uppalinn á Kiðafelli Kjós og einn af eigendum Kiðafells ehf. sem rekur ferðaþjónustu á Kiðafelli mótmæli fyrirhugaðri stækkun malarnáms neðansjávar í Hvalfirði neðan Kiðafells og nærliggjandi jarða. Frá því að Björgun hf. hóf dælingu efnis af botninum á þessum stað fyrir u.m.þ.b. 40 árum hefur orðið gjörbreyting á landslagi og mikil röskun á fjöru þessa svæðis eftir því sem að meira hefur verið dælt af sandi úr botninum úti fyrir hefur orðið mikið rof í fjörunni, sandurinn færst framm og að lokum horfið alveg þannig hefur víðlend sandfjara við Löngusker og neðan Mjósunda horfið. Þar var gríðarmikið dýralíf smádyra og fugla, útsvistasvæði og náttúruskoðunarstaður auk þess vinsæll baðstaður á góðviðrisdögum. Allur sandur er nú horfinn á þessum slóðum og eftir stendur stórgrýti og berar klappir. Breytingar hafa orðið víðar þarna í fjörunni vegna efnistöku Björgunnar hf. m.a. við árósið Kiðafellsár. Allt lífríkið í þessari fjöru þótti óvenju merkilegt og um það skrifaði Friðrik Sigurbjörnsson lögfræðingur og blaðamaður hjá Morgunblaðinu tugi greina í Morgunblaðið á árunum 1963-1970. Auk þess fjallar hann um það í bókinni *Sól skein sunnan* þættir um náttúruskoðun R.v.k. 1970.

Ég tel að unnin hafi verið stórkostleg spjöll á fjörunni og fer þess á leit við kjörna fulltrúa og embættismenn að komið verði í veg fyrir frekari tjón. Það yrði gert með að hafna beiðni um frekari námuvinnslu á þessu svæði.

Virðingafyllst og með fyrirframm þökk.

Þorkell G. Hjaltason, Logafold 152, 112 R.v.

P.s.

Til eru dýptarmælingar hjá sjómælingum Íslands sem sýna að botninn þar sem Björgun hf. hefur dælt af hefur dýpkað um allt að 5 m.